

Fundur Betadeildar fimmtudaginn 6. september 2012

Dagskrá

1. Haustferð Betadeildar

Vetrarstarf Betadeildar hófst fimmtudaginn 6. september kl. 16:30 með haustferð um Akureyri. Sú skemmtilega hefð hefur skapast að hefja vetrarstarfið á haustferð og var nú fyrir valinu að fara á slóðir hernámsins hér í næsta nágrenni. Farið var með rútu um Akureyri og nágrenni og skoðaðir staðir þar sem herinn hafði aðsetur á hernámsárunum. Fararstjóri var Gunnar Bergur Árnasson faðir Ernu Gunnarsdóttur. Var þetta mjög fróðleg og skemmtileg ferð og merkilegt hvað margar af minjum hernámsáranna standa enn. Þess má geta að rútuferðin var í boði Ernu Gunnarsdóttur og Gunnars M. Guðmundssonar.

Ferðin endaði á því að keyrt var fram í Eyjafjarðarsveit á veitingastaðinn Silvu þar sem Krístín Kolbeinsdóttir tók á móti okkur með ljúfengan mat. Þar sagði Jónína nýi formaðurinn okkar frá vetrardagskanni 2012.

Þessari haustferð lauk kl. 20:00.

Fundargerð ritðai
María Gunnarsdóttir

Sælar systur,

Takk fyrir síðast, þær sem komust í haustferðina.

Hann pabbi var alveg eyðilagður því hann gleymdi að minnast á að það var stór Bretakampur þar sem verslunin Brynja er núna. Stundum þegar kom leysing í Búðarlækinn fór allt á flot hjá srákunum í kampinum og stundum flæddi nánast lækur í gegnum braggana.

Svo gleymdi hann líka að minnast á að mörg heimili á Akureyri og sveitunum í kringum kampana höfðu umtalsverðar tekjur af því að þvo þvotta fyrir hermennina. Fjölmargir einstaklingar og fyrirtæki fengu vinnu við að þjónusta herinn. Pabbi hefur líka talað um hvað strákagreyin voru þakklátir ef þeir voru boðnir inn á íslensk heimili og fengu e-ð að borða.

Annars hafði gamli maðurinn afskaplega gaman af þessari ferð sjálfur og var þakklátur fyrir tækifærið til að tala um þetta gamla hugðarefni sitt. Einu sinni vorum við fjölskyldan á flug- og stríðsminjasafni í Sinsheim í Þýskalandi. Þegar heimsóknin var á enda sagði yngri sonur okkar, þá ca. 10-11 ára: "Rosalega vorum við heppin að afi skyldi ekki vera með okkur núna. Við hefðum þurft að vera hérna í tvo daga."

Takk fyrir skemmtilegt síðdegi í góðum félagsskap,

Bestu kveðjur,
Erna